



Logi Einarsson  
Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra  
Reykjastræti 8  
101 Reykjavík

Reykjavík, 21. mars 2025

**Efni: Fyrirspurn varðandi tillögu starfshóps um hagræðingu í ríkisrekstri um sameiningu Gljúfrasteins, Listasafns Einars Jónssonar, Listasafns Íslands og Þjóðminjasafns Íslands**

Stjórnir Félags íslenskra safna og safnafólks, hér eftir FÍSOS, og Íslandsdeildar ICOM, Alþjóðaráðs safna, setja spurningarmerki við tillögu starfshóps um hagræðingu í ríkisrekstri, sem kynnt var á fundi þann 4. mars síðastliðinn. Efnið varðar mögulega sameiningu Gljúfrasteins, Listasafns Einars Jónssonar, Listasafns Íslands og Þjóðminjasafns Íslands undir nýrri *Safnastofnun*.

Þá óska stjórnir FÍSOS og Íslandsdeildar ICOM eftir útlistun á því hvernig vinnuferlinu verði háttað innan menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins þegar tillögur starfshópsins verða teknar til skoðunar.

Stjórnir félaganna fara þess einnig á leit við ráðuneytið að samráðshópi, með fulltrúum ráðherra/ráðuneytis, fulltrúum höfuðsafna og þeirra fagfélaga sem koma að starfi safna, verði komið á fót. Þannig verði tryggt að fulltrúar safnafólks fái tækifæri til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri, þ.e.a.s ef umræddar tillögur verða teknar til umfjöllunar eða lagðar fram til frekari útfærslu.

Virðingarfyllst,

f.h. stjórnar FÍSOS

Kristín Halla Baldvinsdóttir,  
formaður

f.h. stjórnar Íslandsdeildar ICOM

Hólmur Hólm,  
formaður